



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNAEILD



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 03.03.2020

Kl.: 18:00

Staðsetning: Samhæfingarstöð/Embætti landlæknis/Sóttvarnalæknir,

Hættustig vegna COVID-19

Lýsing á atburði

Nú hafa alls fjórtán tilfelli af veirunni SARS-CoV-2 sem veldur COVID-19 sjúkdómi verið staðfest á Íslandi. Viðkomandi einstaklingar eru í einangrun. Einn hefur þegar verið útskrifaður af Landspítala og er heima í sóttkví Um 300 manns, sem hafa verið í samskiptum við viðkomandi einstaklinga, eru í sóttkví.

Enn er unnið samkvæmt hættustigi almannavarna og Landsáætlun um heimsfaraldur.

Staða mála

Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag 3. mars 2020 hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá um 92.303 einstaklingum og um 3.000 einstaklingar hafa látist (3,2%). Samkvæmt [John Hopkins](#) hafa 48.190 einstaklegar náð sér eftir veikindin. ECDC hefur breytt áhættumati sínu yfir í að faraldurinn geti orðið meðalstór eða mikil lýðheilsuögn. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu](#) (ECDC) varðandi þróun mála. [Sjá áhættumat ECDC.](#)

Kína, Suður-Kórea, Íran og Ítalía (frá og með 29. febrúar 2020) eru skilgreind áhættusvæði vegna COVID-19. Allir þeir sem hafa fasta búsetu á Íslandi sem koma fram þessum svæðum – þó svo að þeir fljúgi frá flugvöllum sem ekki eru á skilgreindu áhættusvæði – þurfa að fara í 14 daga sóttkví. Þrír Íslendingar eru í sóttkví á Tenerife

Evrópa, Bandaríkin, Kanada	Tilfelli	Dauðsföll
Ítalía	1835	52
Frakkland	178	3
Þýskaland	157	0
Spánn	114	0
Bretland	40	0
Sviss	30	0
Noregur	25	0
Holland	18	0
Austurríki	18	0
Svíþjóð	15	0
San Marino	8	1
Belgía	8	0
Króatía	8	0
Grikkland	7	0
Ísland	6	0
Finnland	6	0
Tékkland	5	0
Danmörk	5	0
Rúmenía	3	0
Portúgal	2	0
Andotta	1	0
Litháen	1	0
Mónakó	1	0
Litháen	1	0
Írland	1	0
Eistland	1	0
Bandaríkin	106	5
Kanada	27	0

Ísland. Staðan í dag.

- Í dag voru fimm tilfelli af COVID-19 sjúkdómum greind á sýkla- og veirufræðideild Landspítala. Samtals hafa því fjórtán tilfelli veirunnar verið greind hér á landi.
- Sá sem fyrst smitaðist er útskrifaður af Landspítala heim í sóttkví.
- Í dag voru 29 sýni rannsökuð á Landspítala, þar af reyndust tvö fyrrnefnd tilfelli jákvæð. Frá upphafi hafa um 180 sýni verið rannsökuð. Í kringum 300 manns eru í sóttkví á landinu öllu.
- Smitrannsóknateymi almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og sóttvarnalæknis hefur haft samband við um 300 einstaklinga. Þau hafa notið liðsinnis heilbrigðisstarfsmanna frá Landspítala.
- Á upplýsingafundi samhæfingarstöðvar fyrir fjölmiðla fjallaði Már Kristjánsson, yfirlæknir smitsjúkdómalækninga á Landspítala um COVID 19 veiruna, einkenni hennar og stöðuna í dag. Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra útskýrði langtíma viðbrögð stjórnvalda við COVID19 og Jóhann Thoroddsen, sálfræðingur hjá Rauða krossinum fjallaði um nauðsyn þess að fólk hlúi að andlegri líðan sinni og sinna nánustu. Einnig leiðir til að draga úr streitu.
- Upplýsingateymi almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra vinnur að því að koma upplýsingum um COVID-19 til þeirra sem teljast til viðkvæmra hópa. Þetta eru t.d. aldraðir einstaklingar og þeir sem eru með undirliggjandi sjúkdóma. Þetta verður gert í samráði við sjúklingasamtök, fagfélög og hagsmunahópa þessara einstaklinga.
- Smitrannsóknateymi almannavarna og sóttvarnalæknis hefur vegna þeirra þriggja tilfella sem hafa verið staðfest.
- Samstarf 1700 og Rauða krossinn hefur verið stóreflt. Starfsfólk á vegum Rauða krossins mun taka við yfirflæði myndist of mikið álag á 1700. Þrátt fyrir erfiðleika eftir að fyrsta staðfesta smitið hefur 1700 tekist að anna þeirri eftirspurn sem myndast hefur eftir upplýsingum. **Þetta er forgangsmatið enda skiptir öllu að fólk eigi greiðan aðgang að upplýsingum.**
- Unnið er að upplýsingagjöf til ferðamanna, ferðaþjónustuaðila og sendiráða um viðbrögð og stöðu mála.
- Næsti upplýsingafundur fyrir fjölmiðla verður haldinn föstudaginn 6. mars kl. 14:00 í Björgunarmiðstöðinni, Skógarhlíð 14.
- Næsti stöðufundur í samhæfingarstöð almannavarna verður þriðjudaginn 4. mars kl. 08:15